



# Lögbirtingablað

Heimilisfang: Ránarbraut 1, 870 Vík. Sími 458 2800. Myndsendir 458 2860.  
Netfang: logbirtingabladid@syslumenn.is • Veffang: www.logbirtingablad.is.  
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)  
Árg. kostar kr. 82.000, eintakið kr. 802.

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Nr. 61 119. ár

13. apríl 2026

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Embætti sýslumanns laust til umsóknar - Umsóknarfrestur framlengdur

Embætti sýslumanns laust til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti sýslumanns sem verður stofnað 1. janúar 2027 við sameiningu núverandi níu sýslumannsembætta. Leitað er að framsýnum leiðtoga með skýra sýn og getu til að leiða sameininguna, tryggja samfellu í lögbundinni starfsemi og móta sameinað embætti á grunni reynslu, þekkingar og styrkleika núverandi embætta, með það að markmiði m.a. að fjölga störfum á landsbyggðinni og stuðla að jöfnu aðgengi að opinberri þjónustu.

*Hlutverk og ábyrgð.*

Sýslumaður fer með framkvæmdarvald og stjórnslu ríkisins í héraði eftir því sem lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Auk lögbundinna verkefna annast sýslumaður framkvæmd verkefna fyrir aðrar ríkisstofnanir eða stjórnvöld samkvæmt samningi.

Sýslumaður fer með yfirstjórn embættisins og ber ábyrgð á stefnumótun, skipulagi starfsemi, mannauðsstjórnun og fjárhagslegum rekstri þess. Þá ber sýslumaður ábyrgð á að starfsemi embættisins sé í samræmi við lög og önnur stjórnvaldsfyrirmæli. Um nánari lýsingu á hlutverki sýslumanns vísast til 2. gr. laga um sýslumann.

Stofnun nýs sýslumannsembættis er umfangsmikið breytingaverkefni sem felur í sér skipulagslegar, stjórnsýslulegar og mannauðstengdar áskoranir. Í hlut sýslumanns fellur, í samstarfi við dómsmálaráðuneytið, að leiða undirbúning og innleiðingu sameiningar embættanna, bæði fyrir og eftir gildistöku laganna, þar á meðal með því að móta skipulag embættisins, verkaskiptingu milli starfsstöðva og tryggja samfellu í lögbundinni starfsemi.

Sýslumaður ber ríka ábyrgð á að leiða starfsfólk í gegnum breytingaferlið af festu, sanngirni og fagmennsku, stuðla að trausti og góðum starfsanda og tryggja stöðugleika í rekstri embættisins á umbreytingatímanum. Að lokinni innleiðingu mun hlutverk sýslumanns í auknum mæli beinast að stöðugum rekstri, festu í stjórnsýslu og markvissri, samfelldri þróun starfsemi embættisins. Í því felst að byggja ofan á þá innviði sem mótaðir verða á umbreytingatímanum, með áherslu á fyrirsjáanleika, fagmennsku og stöðugar umbætur.

Þá er gert ráð fyrir að sýslumaður taki þátt í þróun löggjafar, stjórnsýsluframlæmdar og verkefna embættisins á næstu árum með ráðuneytinu og í samráði við haghafa og starfsfólk embættisins. Í því felst jafnframt forysta í umbóta- og þróunarverkefnum, meðal annars á sviði stafrænnar þróunar, með áherslu á gæði, skilvirkni og samræmi í þjónustu.

Hjá sýslumanni munu starfa um 250 starfsmenn í fjölbreyttum störfum á starfsstöðvum víða um land. Ekki er gert ráð fyrir að sýslumaður hafi aðsetur á höfuðborgarsvæðinu.

*Menntunar- og hæfniskröfur.*

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 1. mgr. 3. gr. laga nr.9/2026, um sýslumann, þar sem m.a. kemur fram að auk almennra hæfisskilyrða til þess að hljóta skipun í embætti á vegum ríkisins skuli umsækjendur hafa háskólamenntun og reynslu af stjórnun sem nýtist í starfi:

*Aðrar hæfniskröfur eru:*

- Öflug leiðtogahæfni og farsæl reynsla af stjórnun og stefnumótun.
- Rík samskipta- og samstarfshæfni, ásamt hæfni til að leiða faglegt samstarf við ólíka hagaðila.
- Þekking og reynsla á sviði rekstrar og áætlanagerðar.

- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Þekking og yfirsýn á verkefnum sýslumanns er kostur.
- Þekking og reynsla af umbóta- og þróunarstarfi er kostur.
- Fagmennska, frumkvæði, drifkraftur og lausnamiðuð hugsun.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Dómsmálaráðherra skipar í embættið til fimm ára í senn, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Samkvæmt 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um sýslumann, er ráðherra heimilt að auglýsa og skipa sýslumann nýs embættis fyrir 1. janúar 2027 til að hefja undirbúning gildistöku laganna. Dómsmálaráðuneytið hefur ákveðið að fela nefnd að fara yfir þær umsóknir sem berast og á nefndin að skila ráðherra rökstuddu álitni á hæfni umsækjenda. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Um laun og starfskjör sýslumanns fer samkvæmt 39. gr. a. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir skýra og hnitmiðaða grein fyrir hæfni sinni í samræmi við þær hæfniskröfur sem fram koma í 1. mgr. 3. gr. laga um sýslumann og auglýsingunni auk annarra upplýsinga sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf sýslumanns.

Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl nk. og skal senda umsókn á [starf@dmr.is](mailto:starf@dmr.is). Miðað er við að skipað verði í embættið eigi síðar en 1. júlí 2026.

Nöfn allra umsækjenda verða birt á vef ráðuneytisins að liðnum umsóknarfresti.

Nánari upplýsingar veita Berglind Bára Sigurjónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu borgaralegra réttinda ([berglind.bara.sigurjonsdottir@dmr.is](mailto:berglind.bara.sigurjonsdottir@dmr.is)) og Unnur Helgadóttir, mannauðsstjóri ([unnur.helgadottir@dmr.is](mailto:unnur.helgadottir@dmr.is)).

10. apríl 2026  
**Dómsmálaráðuneytið**  
20260410017A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## **Firmaskrá - Lydia slf.**

Nafn: Lydia slf.

Kennitala: 4202260390

Heimilisfang: Starhólmi 8

Dagsetning samnings: 2.1.2026

*Stjórn:*

Lydia Bryndis Maria Kearney, kt. 080998-3339, Starhólma 8, Kópavogi, *stjórnarmaður*

Anna María Kearney, kt. 030168-3729, Bretland, *varamaður*

*Félagsmenn:*

Lydia Bryndis Maria Kearney, kt. 080998-3339, Starhólma 8, Kópavogi, *ábyrgðaraðili*

Anna María Kearney, kt. 030168-3729, Bretland, *samlagsaðili*

*Framkvæmdastjórn:*

Lydia Bryndis Maria Kearney, kt. 080998-3339, Starhólma 8, Kópavogi

*Prókúruumboð:*

Lydia Bryndis Maria Kearney, kt. 080998-3339, Starhólma 8, Kópavogi

*Endurskoðendur/skoðunarmenn:*

Ómar Davíðsson, kt. 100571-4209, Fákahvarfi 10, Kópavogi, *löggiltur endurskoðandi*

*Firmað rita:* Ábyrgðaraðili

*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er starfsemi kírópraktors og önnur ótalin heilbrigðisþjónusta, rannsóknir og skyldur rekstur, útselt þjónusta, rekstur fasteigna, lánastarfsemi ásamt annarri starfsemi sem kann að vera félaginu til hagsbóta hverju sinni.

*Skattaðild:* Sjálfsæður skattaðili

*Ísat flokkun:* 86.90.9 Önnur ótalin heilbrigðisþjónusta

*Rekstrarform:* Samlagsfélag, almennt (slf)

Reykjavík, 2. febrúar 2026

**Firmaskrá**

20260410002A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Fyrirkall og ákæra - Mál nr. S-648/2026

### Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-648/2026.

*Ákærandi:* Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson, aðstoðarsaksóknari.

*Ákærði:* Collins Williams Nwanneka, kt. 131061-2509, verður tekið fyrir á dómþingi þriðjudaginn 13. maí 2026 kl. 13:15.

*Staður:* Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Birtingarfrestur er 1 mánuður.

Héraðsdómi Reykjaness, 7. apríl 2026.

**Jón Stefán Björnsson** aðstoðarmaður dómara.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 9. apríl 2026.

**Ásmundur Jónsson** aðstoðarsaksóknari.

### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Collins Williams Nwanneka, kennitala: 131061-2509, Laugateigi 24, Reykjavík, fyrir peningabætti með því að hafa á tímabilinu 3. maí 2024 til 9. maí 2024 tekið við samtals 7.500 kr., 11.140 evrur og 1.850 bandaríska dollara í reiðufé frá óþekktum aðila eða aðilum en ákærða gat ekki dulist að um væri að ræða ávinning af refsiverðum brotum. Ákærði var með reiðuféd í fórum sínum þegar hann var handtekinn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þann 9. maí 2024 á leið til Madrid, Spáni, með flugi nr. I23661.

Með háttsemi sinni móttók ákærði ávinning af refsiverðum brotum, geymdi ávinninginn, flutti og leyndi ávinningnum og upplýsingum um uppruna, eðli, staðsetningu og ráðstöfun hans.

Telst háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess krafist að gerðar verði upptækar með dómi samtals 7.500 kr., 11.140 evrur og 1.850 bandaríska dollara sem lögregla fann og haldlagði og varðveittar eru sem innistæða á bankareikningi lögreglustjórans á Suðurnesjum

auk vaxta og verðbóta af framangreindri fjárhæð frá 1. nóvember 2025 til greiðsludags samkvæmt heimild í 69. gr. og 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Reykjanesbæ, 9. apríl 2026  
20260410003A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Fyrirkall og ákæra - Mál nr. S-726/2026

### Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-726/2026.

*Ákærandi:* Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Rannveig Stefánsdóttir saksóknarfulltrúi.

*Ákærði:* Arturs Bauders, kt. 090672-2829, verður tekið fyrir á dómþingi miðvikudaginn 13.mái 2026 kl. 13:10.

*Staður:* Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Birtingarfrestur er 1 mánuður.

Héraðsdómi Reykjaness, 7. apríl 2026.

**Jón Stefán Björnsson** aðstoðarmaður dómara.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 9. apríl 2026.

**Rannveig Stefánsdóttir** saksóknarfulltrúi.

### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur Arturs Bauders, kt. 090672-2829, Bogabraut 951E, 262 Reykjanesbæ, fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, sunnudaginn 22. september 2024, ekið bifreiðinni EDY44 undir áhrifum áfengis (í blóðsýni mældist vínandamagn 0,55 ‰) um Bergás, Reykjanesbæ, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 49. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: 008-2024-018498.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. laga nr. 77/2019.

Reykjanesbæ, 9. apríl 2026  
20260410004A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Fyrirkall og ákæra - Mál nr. 727/2026

### Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-727/2026.

*Ákærandi:* Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Rannveig Stefánsdóttir, saksóknarfulltrúi.

*Ákærði:* Marko Brlek, kt. 160897-3419, verður tekið fyrir á dómþingi miðvikudaginn 13.mái 2026 kl. 13:00.

*Staður:* Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Birtingarfrestur er 1 mánuður.

Héraðsdómi Reykjaness, 7. apríl 2026.

**Jón Stefán Björnsson** aðstoðarmaður dómara.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 9. apríl 2026.

**Rannveig Stefánsdóttir** saksóknarfulltrúi.

#### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Marko Brlek, kt. 160897-3419, Ótilgreindu, Hafnarfirði, fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, miðvikudaginn 12. júní 2024, ekið bifreiðinni VIS11 um Reykjanesbraut, Reykjanesbæ, á 141 km hraða á klukkustund, að teknu tilliti til vikmarka, þar sem leyfður hámarks hraði var 90 km/klst.

Telst háttsemi þessi varða við 37. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

M: 008-2024-012044.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. laga nr. 77/2019.

Reykjanesbæ, 9. apríl 2026

20260410005A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Fyrirkall og ákæra - Mál nr. 730/2026

### Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-730/2026.

*Ákærandi:* Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Rannveig Stefánsdóttir, saksóknarfulltrúi.

*Ákærði:* Konrad Pawel Korach, kt. 270208-2900, verður tekið fyrir á dómþingi miðvikudaginn 13. maí 2026 kl. 13:05.

*Staður:* Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Birtingarfrestur er 1 mánuður.

Héraðsdómi Reykjaness, 7. apríl 2026.

**Jón Stefán Björnsson** aðstoðarmaður dómara.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 9. apríl 2026.

**Rannveig Stefánsdóttir** saksóknarfulltrúi.

#### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Korach, kt. 270208-2900, Sjávargötu 29, fyrir

fíkniefnalagabrot með því að hafa, föstudaginn 17. maí 2024, á dvalarstað sínum Sjávargötu 29, haft í vörslum sínum 1,85 g af marihúana og 0,43 g af tóbaksblönduðum kannabisefnum, sem ákærði framvísaði við lögreglu.

Telst háttsemi þessi varða við 2., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018. M: 008-2024-010138.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafist að gerð verði upptæk með dómi 1,85 g af marihúana og 0,43 g af tóbaksblönduðum kannabisefnum, samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 10/1997 og 68/2001, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

Reykjanesbæ, 9. apríl 2026  
20260410006A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Fyrirkall og ákæra - Mál nr. S-807/2026

### Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. S-6807/2026.

*Ákærandi:* Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari.

*Ákærði:* Bjarki Týr Gylfason, kt. 120180-3399, verður tekið fyrir á dómþingi þriðjudaginn 13. maí 2026 kl. 13:20.

*Staður:* Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Birtingarfrestur er 1 mánuður.

Héraðsdómi Reykjaness, 7. apríl 2026.

**Jón Stefán Björnsson** aðstoðarmaður dómara.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 9. apríl 2026.

**Ásmundur Jónsson** aðstoðarsaksóknari.

### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Bjarka Tý Gylfasyni, kennitala: 120180-3399, ótilgreindu, Reykjanesbæ, fyrir eftirtalin brot á almennum hegningarlögum:

#### I.

Fyrir fjárdrátt, til vara umboðsvik og til þrautavara ólögsmæta meðferð á fundnu fé með því að hafa með því að hafa þann 16. júní 2022 stofnað í Arion bankareikning nr. 0370-26-33816 í nafni fyrrverandi eiginkonu sinnar Sigríðar Reynisdóttur, kt. 140780-4999, með því að fara inn á heimabanka hennar með því að hafa notað rafræn skilríki hennar án heimildar og vitundar Sigríðar og í kjölfar þess hafa á tímabilinu 16. júní 2022 til og með 22. júlí 2022 tekið yfirdrátt á reikninginn og ráðstafað út af reikningnum í alls 23 sinnum, annars vegar greitt til Heimstaden í tveimur færslum, samtals 5.259 kr. og hins vegar lagt í 21 færslu af reikningum inn á reikning nr. 511-26-26786 í eigu ákærða hjá Arion banka, samtals 1.141.237 kr.

Með háttsemi sinni notaði ákærði aðstöðu sína og stofnaði bankareikning í nafni Sigríðar Reynisdóttur, dró sér fé af reikningnum og kastaði eign sinni á fjármuni í eigu Sigríðar og notaði heimildarlaust í sjálfs sín þarfir.

Telst háttsemi ákærðu varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, til vara 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til þrautavara við 246. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Mál lögreglu nr. 008-2024-7358.

## II.

Fyrir fjárdrátt, til vara umboðsvik og til þrautavara ólögmæta meðferð á fundnu fé með því að hafa á tímabilinu 10. september 2023 til og með 13. október 2023 notfært sér veikindi og yfirburðastöðu sína gegn Reyni Sveinssyni, kt. 170961-4559, og komist yfir debet- (vegna bankareiknings hjá Landsbanka nr. 0147-26-102090) og kreditkort (kort nr. \*-3037) Reynis og öryggisnúmer (pin) kortanna, í kjölfar þess tók ákærði í samtals 14 sinnum út af kortunum í hraðbönkum reiðufé samtals 377.000 kr.

Með háttsemi sinni notaði ákærði aðstöðu sína og komst yfir kredit- og debetkort Reynis Sveinssonar og öryggisnúmer (pin) þeirra korta og í kjölfarið dró ákærði sér fé af kortunum og kastaði eign sinni á fjármuni í eigu Reynis og notaði heimildarlaust í sjálfs sín þarfir.

Telst háttsemi ákærðu varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, til vara 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til þrautavara við 246. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Mál lögreglu nr. 008-2024-7358.

Þess er krafist að ákærði verð dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Reykjanesbæ, 9. apríl 2026

20260410007A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Fyrirkall og ákæra - Mál nr. S-22/2026

### Fyrirkall:

Héraðsdómur Vesturlands gjörir kunnugt:

Mál nr. S-22/2026

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Vesturlandi.

Ákærði: Joao Paulo Da Rocha M. Da Mota verður tekið fyrir á dómþingi 19. maí 2026 kl. 11.25.

Staður: Salur dómstólsins að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu málsins eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómur Vesturlands 8. apríl 2026.

**Snorri Örn Clausen** aðstoðarmaður dómara.

**Ákæra:** Lögreglustjórinn á Vesturlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Vesturlands á hendur Joao Paulo Da Rocha M. Da Mota, kt. 190484-5219, óstaðsettur í hús, 310 Borgarnesi, fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, að kvöldi fimmtudagsins 15. nóvember 2024, ekið bifreiðinni ME578 án gildra ökuréttinda norður Vesturlandsveg við Baulu í Norðurárdal, Borgarbyggð, þar sem lögregla stöðvaði akstur ákærða umrætt sinn.

Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

**Skrifstofu lögreglustjórans á Vesturlandi,**

21. janúar 2026.

Skrifstofu lögreglustjórans á Vesturlandi, 8. apríl 2026  
f.h. Lögreglustjórans á Vesturlandi,  
**Guðfinnur Stefánsson aðstoðarsaksóknari.**  
20260410008A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Fyrirkall og ákæra - Mál nr. S-23/2026

### Fyrirkall:

Héraðsdómur Vesturlands gjörir kunnugt:

Mál nr. S-23/2026.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Vesturlandi.

Ákærði: Dariusz Marcin Wnuk verður tekið fyrir á dómþingi 19. maí 2026 kl. 11.20.

Staður: Salur dómstólsins að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Dómsathöfn: Þingfesting.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu málsins eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómur Vesturlands 8. apríl 2026.

**Snorri Örn Clausen** aðstoðarmaður dómara.

### Ákæra:

Lögreglustjórinn á Vesturlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Vesturlands á hendur Dariusz Marcin Wnuk, kt. 270785-3369, Reitavegi 12, 340 Stykkishólmi, fyrir fikniefnalagabrot með því að hafa, síðdegis laugardaginn 9. nóvember 2024, haft í vörslum sínum 10,87 g af marihuana, sem lögregla lagði hald á við leit í herbergi ákærða í verbúð fiskvinnslunnar G. Run að Sólvöllum 2 í Grundarfjarðarbæ, umrætt sinn.

Telst þetta varða við 2. gr. sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fikniefni nr. 65/1974 og 2. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fikniefni og önnur eftirlitsskyld efni, með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess jafnframt krafist að ofangreind fikniefni sem hald var lagt á við rannsókn málsins verði gerð upptæk með dómi samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974.

Skrifstofu lögreglustjórans á Vesturlandi,

21. janúar 2026.

Skrifstofu lögreglustjórans á Vesturlandi, 8. apríl 2026  
f.h. Lögreglustjórans á Vesturlandi,  
**Guðfinnur Stefánsson aðstoðarsaksóknari.**  
20260410009A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Hlutafélög - Samruni - Fabrikan ehf. og GIV Eignir ehf.

Hlutafélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, um að samruninn rýri ekki möguleika lánardrottna á fullnustu í hinum einstöku félögum.

*Yfirtökufélag:* Fabrikan ehf., kt. 460709-1210, Lynghólum 10, Garðabæ.

*Yfirtekið félag:* GIV Eignir ehf., kt. 660718-1090, Lynghólum 10, Garðabæ.

*Uppgjörsgdagur:* 1. janúar 2026.

Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirteknu félaganna sem teljast þá reikningslega lokið. Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag. Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/stjórnarfundum þá, sem endanlega ákveða samrunann og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir birtinguna, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. laga nr. 138/1994 lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvers samrunafélags fyrir sig.

Reykjavík, 2. mars 2026

**Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.**

20260410010A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Innköllun þrotabús - Pizza 67 ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 25. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

### Nafn bús:

Pizza 67 ehf.,  
kt. 470714-0500,  
Geirsgötu 2, Reykjavík

### Frestdagur:

12. nóvember 2025

### Skiptafundur:

26. júní 2026  
föstudaginn  
kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið [ingolfurvg@gmail.com](mailto:ingolfurvg@gmail.com).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kirkjuteig 21, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 26. mars 2026

**Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður**

20260331006B

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Innköllun þrotabús - Ískort ehf

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 25. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

**Nafn bús:**

Ískort ehf,  
kt. 470290-1029,  
Háaleitisbraut 20, Reykjavík

**Frestdagur:**

12. nóvember 2025

**Skiptafundur:**

26. júní 2026  
föstudaginn  
kl. 09:30

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið [ingolfurvg@gmail.com](mailto:ingolfurvg@gmail.com).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kirkjuteig 21, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 26. mars 2026

**Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður**  
20260331004B

Útgáfud.: 10. apríl 2026

**Innköllun þrotabús - Deltec ehf.**

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 25. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

**Nafn bús:**

Deltec ehf.,  
kt. 461114-0400,  
Þúfuseli 6, Reykjavík

**Frestdagur:**

12. nóvember 2025

**Skiptafundur:**

26. júní 2026  
föstudaginn  
kl. 09:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið [ingolfurvg@gmail.com](mailto:ingolfurvg@gmail.com).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kirkjuteig 21, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 26. mars 2026

**Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður**  
20260331003B

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Innköllun félagsslit - Novator ehf.

Á ályktunarbærum hluthafafundi hinn 16. desember 2025 í neðangreindu einkahlutafélagi var ákveðið að slíta félaginu. Voru þau Jónas Rafn Tómasson, kt. 041273-5699, Blikahöfða 18, Mosfellsbæ, lögmaður hjá KPMG Law ehf., og Kristín Sif Magnúsdóttir Laxdal, kt. 161194-2129, Auðbrekku 38, Kópavogi, lögfræðingur hjá KPMG Law ehf., kjörin í skilanevnd. Voru þau í kjölfarið löggilt til starfans af fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

Með vísan til 87. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum fyrir skilanevnd innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til KPMG ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, merktar Kristínu Sif Magnúsdóttur Laxdal.

Skilanevnd hefur ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og hluthöfum félagsins á skrifstofu KPMG ehf. að Borgartúni 27, Reykjavík, á neðangreindum tíma, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

### Nafn einkahlutafélags:

Novator ehf.  
kt. 451005-0220

### Fundur lánardrottna og hluthafa:

22. maí 2026, kl. 16.00

Reykjavík, 9. mars 2026

**Kristín Sif Magnúsdóttir Laxdal**

20260313032B

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Innköllun þrotabús - Hölderlin ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 25. mars 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

### Nafn bús:

Hölderlin ehf.,  
kt. 500215-0700,  
Karlögötu 1, Reykjavík

### Frestdagur:

12. nóvember 2025

### Skiptafundur:

19. júní 2026  
föstudaginn  
kl. 10:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið [thorunne@lex.is](mailto:thorunne@lex.is).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartún 26, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 31. mars 2026

f.h. Erlu S. Árnadóttur skiptastjóra  
**Þórunn Eylands**  
20260410013A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Innköllun protabús - Kópdent ehf

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 19. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Kópdent ehf, kt. 701299-4349, Hamraborg 1, Kópavogi	22. desember 2025	19. júní 2026 föstudaginn kl. 10:30

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið [thorunne@lex.is](mailto:thorunne@lex.is).

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartún 26, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 27. febrúar 2026  
f.h. Birgis Más Björnssonar skiptastjóra  
**Þórunn Eylands**  
20260410014A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Innköllun - vegna glataðs hlutabréfs

F.h. stjórnar Loðnuvinnslunnar h.f. kt. 581201-2650, Skólavegi 59, Fáskrúðsfirði, er þess farið á leit að fá birta í Lögbirðingablaði, auglýsingu um innköllun á glötuðu hlutabréfi þar sem skráður eigandi hlutabréfsins hefur tilkynnt það glatað:

**bréf nr. 129 fl. A - útgáfudagur 01.10.2002 - upphæð/nafnverð kr. kr. 34.567.**

**Eigandi: Jón Baldursson, kt. 231254-3829, Lækjarbergi 21, Hafnarfjörður.**

Reykjavík, 10. apríl 2026  
f.h. Loðnuvinnslunnar h.f.  
**Sigmundur Hannesson**  
20260410015A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Embætti skólameistara Fjölbrautaskólans í Breiðholti laust til umsóknar

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsir embætti skólameistara Fjölbrautaskólans í Breiðholti laust til umsóknar.

Við leitum að kraftmiklum og framsæknum leiðtoga sem hefur skýra sýn á þróun framhaldsskólastigsins og getu til að leiða öflugt starf skólans inn í framtíðina.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er áfangaskóli sem byggir á því að lögð er jöfn áhersla á bóknám, listnám og verknám og er námið sniðið að breiðum hópi nemenda. Þessar fjölbreyttu námsleiðir kalla á víðtækt samráð og samstarf við ótal hagaðila. Skólinn starfar eftir annakerfi og þjónar nemendum af höfuðborgarsvæðinu og öllu landinu. Starfsmenn skólans eru liðlega 150 og fjöldi nemenda um 1.250 í dagskóla og 700 í kvöldskóla.

Á næstu misserum verður lögð aukin áhersla á að styrkja stjórnslu og umgjörð framhaldsskóla, auk gagnadrifinnar ákvarðanatöku. Saman þurfum við að tryggja að skólarnir búi nemendur undir framtíð sem einkennist af hraðri tækniþróun, nýjum hæfniskröfum og síbreytilegu samfélagi. Við leitum því að öflugum, jákvæðum og framsýnum leiðtoga sem hefur vilja og getu til að starfa með starfsfólki og nemendum að áframhaldandi þróun skólans.

*Helstu verkefni og ábyrgð.*

Skólameistari er faglegur leiðtogi í mótun skólastarfs á grundvelli laga og aðalnámskrár framhaldsskóla. Skólameistari veitir skólanum forstöðu. Hann stjórnar daglegum rekstri og starfi skólans og gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og að henni sé fylgt og hefur frumkvæði að gerð skólanámskrár og umbótastarfi innan skólans.

*Hæfniskröfur.*

- Umsækjendur skulu hafa starfsheitið kennari og hafa viðbótarmenntun í stjórnun eða reynslu sem veitir sérhæfða hæfni sem snýr að skólaþróun, stjórnun, rekstri og stjórnslu.
- Framúrskarandi leiðtogahæfni sem endurspeglast m.a. í drifkrafti og frumkvæði ásamt færni í að skapa liðsheild á vinnustað.
- Farsæl reynsla af breytingastjórnun og stefnumótun. Einnig hæfni til að leiða breytingar af jákvæðni og setja nemendur og gæði menntunar í forgang.
- Skýr framtíðarsýn þegar kemur að mótun skólastarfs á framhaldsskólastigi.
- Góð greiningarhæfni, lausnamiðuð hugsun og sterk sýn til nýsköpunar og þróunar í skólastarfi.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og hæfileiki til að sameina starfsfólk um skýra stefnu á umbrotatímum.
- Þekking og/eða reynsla af opinberri stjórnslu, fjármálum, rekstri og áætlanagerð.

*Frekari upplýsingar um starfið.*

Um launakjör fer samkvæmt 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

*Ráðning og kjör:* Mennta- og barnamálaráðherra skipar skólameistara til fimm ára í senn að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar skv. 6. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum. Skipað er í embættið frá **1. ágúst 2026**.

Um ráðningu og launakjör skólameistara fer eftir 2. gr. 12. gr. laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eins og að ofan greinir.

*Umsóknir:* Með umsókn skal fylgja 1) ferilskrá með upplýsingum um núverandi starf umsækjanda ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, 2) kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur samkvæmt starfsauglýsingu og 3) greinargerð umsækjanda um framtíðarsýn fyrir Fjölbrautaskólann í Breiðholti út frá faglegum áherslum í skólastarfi.

Athygli er vakin á því að samkvæmt 7. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er ráðuneytinu skylt að veita upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl 2026

*Nánari upplýsingar veitir:*

Hildur Ragna Kristjánsdóttir mannauðsstjóri

Tölvupóstur: [hildur.ragna.kristjansdottir@mrn.is](mailto:hildur.ragna.kristjansdottir@mrn.is)

9. apríl 2026

**Mennta- og barnamálaráðuneytið**  
20260410016A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

### **Skiptalok - Þb. Þröstur Guðberg Fransson**

Með úrskurði Héraðsdómur Vestfjarða, uppkveðnum 7. janúar 2026, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum var lokið þann 31. mars 2026.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur.

**Nafn bús:**

Þröstur Guðberg Fransson,  
kt. 2811765449

**Lýstar kröfur:**

kr. 28238710

Suðureyri, 31. mars 2026

**Elín Árnadóttir**  
20260410001A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

### **Skiptalok - Saltworks ehf.**

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur, uppkveðnum 28. janúar 2026, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum var lokið þann 10. apríl 2026.

Skiptum í þrotabúinu lauk í dag skv. 2. mgr. 154 gr. laga nr. 21/1991 með því að lýst krafa að fjárhæð kr. 643.101 var afturkölluð.

**Nafn bús:**

Saltworks ehf.,  
kt. 5003231830

Reykjavík, 10. apríl 2026  
**Árni Einarsson lögmaður**  
20260410011A

Útgáfud.: 10. apríl 2026

## Framkvæmdaleyfi, Hvammsvirkjun - Skeiða- og Gnúpverjahreppur

*Framkvæmdaleyfi, Hvammsvirkjun, vatnsaflsvirkjun í Þjórsá.*

*Samkvæmt 4. mgr. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 4. mgr. 13. gr. laga um umhverfismat nr. 106/2000, sbr. einnig 4. mgr. 27. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, er hér auglýst útgáfa framkvæmdaleyfis vegna Hvammsvirkjunar:*

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. mars 2026 útgáfu framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda við uppbyggingu Hvammsvirkjunar sem staðsett verður í Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í framkvæmdinni felst uppbygging fyrirhugaðrar vatnsaflsvirkjunar, Hvammsvirkjunar, í neðanverðri Þjórsá. Fyrirhugað inntakslón virkjunarinnar, Hagalón, er áætlað í farvegi Þjórsár norður af Skarðsfjalli. Lónið verður í um 116 m y.s. og um 4 km<sup>2</sup> að stærð og rúmmál lónsins verður um 13,2 milljón m<sup>3</sup>. Stöðvarhús verður að mestu leyti neðanjarðar við norðurenda Skarðsfjalls, í landi Hvamms 1 í Landsveit. Fyrirhuguðu virkjun er staðsett á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár þar sem í dag eru sjö vatnsaflsstöðvar og verður virkjunin áttunda og neðsta stöðin. Hvammsvirkjun mun nýta allt að 352 m<sup>3</sup>/s rennsli og 32 m fall Þjórsár á um 9 km kafla frá svokölluðu Yrjaskeri, rétt ofan við bæinn Haga, og niður fyrir Ölmóðsey, austan við Þjórsárholt. Virkjunin nýtir miðlað rennsli Þjórsár frá lónunum ofar á vatnasviðinu. Flest mannvirki virkjunarinnar verða staðsett innan Rangárþings ytra en virkjunarsvæðið er staðsett innan beggja sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir að afl virkjunar verði 95 MW og árleg orkuvinnsla um 760 GWh. Framkvæmdaleyfið tekur til þeirra framkvæmda við Hvammsvirkjun sem fyrirhugaðar eru innan sveitarfélagamarka Skeiða- og Gnúpverjahrepps á vegum Landsvirkjunar. Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir byggingarleyfisskyldum mannvirkjum innan framkvæmdarsvæðisins í samræmi við lög um mannvirki nr. 160 frá 2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Framkvæmdaleyfið nær til framkvæmda sem er nánar lýst í umsókn framkvæmdaaðila, greinargerð framkvæmdaaðila og öðrum fylgiskjölum umsóknar sem nálgast má á Skipulagsgáttinni hér: <https://www.skipulagsgatt.is/issues/2026/408> Á meðal fylgigagna umsóknarinnar er álit Skipulagsstofnunar frá 12. mars 2018 um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að fyrirbyggjandi matsskýrsla uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt. Leyfið er bundið við þau skilyrði og mótvægisáðgerðir sem fram koma í greinargerð sveitarstjórnar skv. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sbr. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem er einnig aðgengileg á Skipulagsgáttinni. Nánari umfjöllun og upplýsingar um framkvæmdina má nálgast á vefsíðunum [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) og <https://www.landsvirkjun.is/hvammsvirkjun>.

Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur 1 mánuður frá því að auglýsingu um útgáfu framkvæmdaleyfisins birtist í Lögbirtingablaði. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni [www.uua.is](http://www.uua.is).

F.h. skipulagsfulltrúa Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita, 9. apríl 2026

**Nanna Jónsdóttir**

20260410012A

---

Lögbirtingablað,

61. tölublað 2026.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi

**Kristín Þórðardóttir**

---

Afritun eða dreifing þessa efnis er óheimil. Efnið kann að innihalda persónuupplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR). Óheimil meðferð getur varðað við lög.